


CQ TF

FRÉTTABRÉF 4/86



NÝTT FÉLAGSHEIMILI Í.R.A.



OKKUR VIRÐIST

ÍRA er ekki frábrugðið amatörfélögum nágrannalöndanna að því leyti, að u.þ.b. 10% félaganna vinna þau störf sem vinna þarf, hinir njóta góðs af. Það eru gömul saga og ný í félagsstörfum almennt, að fáir vinna störfin og fá litlar þakkir fyrir. Þegar Ísland er borið er saman við nágrannalöndin er það fámennið, sem einkennir samanburðinn ekkert síður hjá radióamatörum en öðrum. ÍRA hefur ekki enn stigið það skref, sem amatörfélög nágrannalöndanna hafa gert, að hafa starfsfólk á launum. Þetta gerir félaginu erfiðara um vik, að veita ýmsa þjónustu, sem þörf er fyrir og framkvæmd ýmissa mála verður skrykkjóttari en ella.

- Boyle's lögmál, kennt við Charles Boyle hjá NASA segir: "verkefnið hláðast á þær hendur sem hæfastar eru, þangað til þær forða sér." Óraunhæfar kröfur á hendur þeim fáu sem verkin vinna leiða einungis til þess, að þeir forða sér. Sé mönnum annað um sitt félag, er ekki nóg að vera með "fagurgala á fundum" eða "nöldur úti í bæ", heldur láta hendur standa fram úr ermum.

- Félag okkar Íslenskir radióamatörar er nú 40 ára. Á þessum tímamótum er margt að minnst úr sögu félagsins. Segja má að þáttaskil í starfsemi félagsins hafi orðið er félagið fékk fastan samastað, fyrst á Frikkirkjuvegi 11 og síðar á Vesturgötu 68. Síðustu árin hefur félagið haldið til að Dugguvogi 1b, en ljóst var frá upphafi, að húsið yrði rífið nú á þessu ári. Ekki er laust við að óvissa um framtíðina í húsnæðismálum félagsins hafi sett nokkuð mark á starfseminni þar að undanförunu.

- Þessi óvissa er nú úr sögunni í bili a.m.k. því þau ánægjulegu tíðindi hafa gerst, að 20. ágúst sl. var undirritaður húsaleigusamningur við borgarverkfræðing um leigu á húsi til afnota fyrir félagið, sem áætlað er að félagið geti haft á leigu í 3 til 5 ár. Húsið er efst í Árbæjarhverfi við 1. götu 4, 110 Reykjavík, sem tilheyrir gömlu sumarbústaðalandi. TIL HÁMINGJU ÍRA. ALLT ER FERTUGUM FÆRT! (TF3KB)

CQ TF fréttabréf

5. útgangur

Útgefandi:

ÍSLENSKIA RADIÓAMATÖRAR (ÍRA)
(stofnað 14. ágúst 1946)
pósthólf 1058, 121 Reykjavík

Ritstjóri og öbm.

Kristján Benediktsson, TF3KB.
Efni sendist ritstjóra í síðasta lagi
20. hvers mánaðar fyrir næstu útgáfu
í pósthólf 8873, 128 Reykjavík.

ÍRA er hið íslenska aðildarfélag í
IARU, IARU Region 1 og NARU.

TIL SÖLU...

KENWOOD TS-120S sendiviðtæki. 100W pep út í loftnet, handhljóðnemi og 500Hz sía fylgir. Einnig festingar í bíl, handbækur og 12 volta leiðsla. Tækið er sem nýtt og í góðu ástandi. TF3OM, sími (91) 44722 HEATHKIT HW-101 5 banda SSB/CW sendiviðtæki til sölu. Spennugjafi og hátalari í eins kössum fylgja. Einnig OSKER standbylgjubrú og SHURE 444 hljóðnemi. Hafið samband við TF3SB í síma (91) 62 38 47.

AEA morsee-matic MM2 forritanlegur elektronískur morselykill með minni. Má nota við æfingar, vita-sending-ar o.fl. Hafið samband við TF5BW, síma (96)23058. HEATHKIT HW-101 sendiviðtæki ásamt SB-610 sveiflusjá og HD-10 elektronískum morselykli allt í einu lagi. Tilboð óskast. TF3BS, sími(91)22482 TIL SÖLU: SWR brú með tveim mælum á kr. 1000,-Motorola handstöð á kr. 4000,- Nýliðakristallar 2 stk. 3515/3525 kHz á kr. 2x400,- 2el. Quad 20-15-10m, þarfnast viðgerðar kr. 2000,- Málmleitartæki á kr. 1000,- 12 metra hátt rotary mastur, þiggjandi fjarlægir á kr. 0,- Spennugjafi 12V, 5A Ham Inter-national á kr. 2000,- RTTY afmótarí (Superline Mk III, danski) samsett á kr. 1000,- Vibroflex bug á kr. 2000,- Morselykill lítill á kr. 500,- 4-BTV Hustler Vertical 10-15-20-40m á kr. 4000,- og margt fleira. Hafið samband við TF1PS í 3 síma (99) 4107.

Smaauglýsingar CQ TF fréttabréfs eru ókeypis þjónusta við skuldlaus félagsmenn. Þetta gildir fyrir persónuleg tæki eingöngu, en ekki aðra söluvöru og aðeins meðan rúm leyfir í blaðinu.

QSP

TF8VHF radióvitinn verður áfram við Garðskagavita, þótt TF3XUU umsjónarmaður hans sé fluttur, en vitinn sendir eins og kunnugt er á 144.939 kHz. TF3XUU segir að vitinn fái að vera áfram á staðnum nema breytingar verði á áætlunum vita- og hafnar-málaskrifstofunnar með húsið. Þetta var mögulegt vegna góðfúslegrar aðstoðar TF3US, sem vinnur á vitamálaskrifstofunni.

- Þegar veður gerast válynd með hausti og vetri aukast líkur á að eitthvað geti komið fyrir loftnetið. Þá skiptir máli að radióamatörar fylgist vel með sendingunum og tilkynni ef styrkur minnkar skyndilega, því vitinn er nú án daglegrar umsjónar.

- **Martin Berkofsky, TF3XUU** fór frá Reykjavík 17/8 sl. og lá leiðin fyrst til Seyðisfjarðar þar sem hann fór með Norröna úr landi. Leiðin liggur síðan til Júgóslavíu þar sem Martin mun starfa sem Fulbright prófessor við tónlistarháskólann í Títograd frá 15. september 1986 til 15. mars 1987.

- Hann hefur fengið leyfi til starfrækslu amatörstöðvar í þeim löndum sem hann fer um á leiðinni til Júgóslavíu. Hyggst hann verða virkur úr bíl sínum á 3710 kHz og reyna sambönd við Íslendinga svo lengi sem mögulegt er á þeirri tíðni. Reynir hann fyrst á morsi, en skiptir yfir á AM ef gott samband næst. Til vara hefur hann tíðnirnar 3505, 3525 og 3780 kHz. Kallerkin, sem hann hefur tengið leyfi fyrir eru: OY/KC3RE, G0/KC3RE, F/KC3RE, HB9/KC3RE, KC3RE/OE, KC3RE/I0 og loks KC3RE/YU6 ca. 15. september. Hann býst við að verða búinn að koma upp föstu loftneti u.þ.b. viku síðar. Þá fyrst tekur hann 20m tæki upp úr kössunum og hyggst vera virkur á 14.340 kHz ± QRM eftir því sem tími leyfir. Títograd er aðeins spölkorn frá Albönsku landamærunum, og verður spennandi að vita hvort Martin tekst það sem engum hefur tekist, að komast í loftið frá ZA og skrúfa fyrir Radio Tirana á 7 MHz amatörbandinu. Það yrði heimsfrétt.

- Martin hefur stutta viðdvöl hér á landi á hraðferð til Boston 17. okt. síðdegis, og á leið til baka eldsnemma að morgni 25. okt. og ætlar að kalla CQ á 2m hand-stöðinni.

- **Athyglisverður árangur** náðist í TF-útlíkunum um sl. verzlunarmannahelgi, þegar sett var nýtt hálandismet amatöra á 144 MHz. TF3LJ og TF3TT staddir við Gæsavötn norðan Vatnajökuls náðu SSB sambandi við TF3KB í Reykjavík. Fjar-lægðin er ca. 225 km. TF3JL/0 notaði 6-tennt Yagi loftnet og 80 W útgangsafl. Hann fékk RS 5-4/5 QSB frá TF3KB/3 sem var með 9-tennt Yagi loftnet og 15 W út og fékk RS 52 til baka.

- Það athyglisverða við Gæsavötn er að þau eru í suðsuðastur frá Akureyri. Sambönd á 144 MHz frá Akureyri upp á hálendið hafa reynst erfið sökum þess hve fjöll skyggja á í suður- og vesturátt. Í suðausturátt ættu hinsvegar að vera betri möguleikar, því mun opnara er frá Akureyri upp á hálendið í þá átt. Fróðlegt væri að gera útbreiðslukannanir á Gæsavatnasvæðinu til Reykjavíkur og Akureyrar samtímis. Trölladyngja, 1460 m á hæð, er skammt undan og því ekki að láta sér detta í hug staði allt frá Bárðarbungu á Vatnajökli í 2000 m hæð og austur til Öskju, eða jafnvel Gagnheiðar?

- Að öðru leyti gengu hefðbundin sam-bönd bæri-lega innanlands t.d. á 80m bandinu, þar sem mátti t.d. heyra TF3DX og TF30F á Fjallabaksleið, TF3SS frá skátamótinu í Viðey, með TF3BP við stöðina, TF6J2 á Neskaupsstað og TF3TT á ferðalagi um hálendið eins og áður sagði

- **Jóhann Zoéga, TF6J2** flutti fréttabréfinu fregnir frá Neskaupsstað og skýrir frá óvæntum samböndum innanlands á 14 MHz. Nefndi hann sem dæmi sambönd sín við TF3KM, TF1PS og TF3TF. Sagði hann einkenni á þessum samböndum vera hreint og gott merki meðan skilyrðin vara, en svo dettur sambandið skyndilega út eins og klippt sé á það. Hann sagðist vera viss um að þessi skilyrði væru oftar en menn héldu, það varu bara svo fáir í loftinu að menn hittast ekki. Jóhann sagðist t.d. hafa heyrt nýlega í TF5BW á 14 MHz "...og var

hann svo sterkur að eiginlega þurfti ekki mót-takara til að heyra í honum. Hann var horfinn áður en eg gat náð í hann og heyrðist ekki múkk í honum eftir það, sagði hann.

- Jóhann er að smíða turn skv. eigin hönnun, og verður hann um 17-18 metra há, stagaður. Hann er að spá í heima-smíði á 3 tenntu Yagi loftneti. Vill hann gjarnan komast í samband við aðra sem eru í svipuðum hugleiðingum, og hvaða reynslu menn hafa af turnum og stefnuloftnetum yfirleitt.

- Jóhann sagðist að lokum gjarnan hlusta eftir TF stöðvum á 3710 kHz síðdegis kl. 1800-1900.

- **Guðjón Einarsson, TF3AC** er nýkominn úr sumarleyfisferð til Kanada. Heimsótti hann heimssýninguna (1986 World EXPO) í Canada Pavilion höllinni við Vancouverhöfn, en þar starfrækja radióamatörar stöðina VE7EXPO. Loftnetin eru staðsett undir teflon seglþökum sem trjóna uppi á eiginlegu þaki hallarinnar. Kanadíska samgönguráðuneytið studdi uppsetningu stöðvarinnar. Guðjóni var tekið tveim höndum af amatörnum. Þótti þeim varið í að fá heimsókn fyrsta og líklega eina íslenska radióamatörsins til stöðvarinnar. Þeir ætluðu bókstaflega að eta mig sagði Guðjón. Þeir höfðu ekki náð sambandi TF, þegar Guðjón hitti þá, en vildu gjarnan bæta Íslandi í safnið áður en sýningunni líkur hinn 13. október n.k. Þeir eru í loftinu allan sólarhringinn á ýmsum tíðnum. Helst er fyrir TF stöðvar að reyna á kalltíðni þeirra VE-manna 14.140 kHz. Á laugardögum og sunnudögum kl. 1800 UTC er Kanadíska innanlandsnetið (Trans Canada Net) á þessari tíðni. Einnig má reyna í siglinga-netinu (Marine Net) daglega á 14.115 kHz kl 0400 UTC ef aðstæður leyfa. Guðjón biður fyrir bestu kveðjur til þeirra VE7FRE, George, VE7GO, Stan og VE7LO, Pierre, ef einhver TF nær sambandi.

- **Nýliðapróf var** haldið í júní sl. Var sett upp tilkynning um það í félagsheimilinu. Ekki reyndist unnt að auglýsa prófið í fréttabréfinu sökum skamms fyrirvara.

- Tveir stóðust prófið, þeir Jakob Helgason Hæðarbyggð 25, Garðabæ og Björn Þorgilsson Kársnessbraut 47, Kópavogi (bróðir

TF3BP). Óskum við þeim til hamingju og biðjum menn að taka vel á móti þeim á 3525 kHz þegar þeir koma í loftið.

• **Próf:** Þeir sem hug hafa á að gangast undir próf eru beðnir að láta vita af sér. Beiðnin þarf að fara frá félaginu með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Þegar svar berst frá Pósti og síma er vitað hvort og hvenær próf verður og fyrr ekki. Nauðsynlegt er að menn séu ákveðnir í að gangast undir próf til að standast og séu ekki að biðja um próf án þess að þeim sé alvara, eins og stundum hefur komið fyrir

• **Þorvaldur Stefánsson, TF1PS** fór

nýlega í DX-pedition til Vestmannaeyja og starfrækti þaðan stöð undir kallmerkinu TF7PS. Hvatinn að ferðinni var sá að í IOTA (Islands On The Air) telst Ísland vera tvær eyjar, þ.e. Ísland og Vestmannaeyjar TF7 er af þessum sökum eftirsótt og Vestmannaeyjar eru EU71 í IOTA. Magnús Magnússon stöðvarstjóri P&s á staðnum og fyrrum TF7MC tók Þorvaldi tveim höndum og veitti honum aðstöðu í símstöðinni. Sagðist Þorvaldur hafa verið með loftnet sitt innan um loftnet stöðvarinnar í Eyjum, án þess að nokkurra truflana hefði orðið vart frá sér. Slæm skilyrði og móttöktruflanir settu hinsvegar strik í reikninginn. Þorvaldur sagði að án Johns, I1HYW og félaga hans Aldo, I1GEA, hefði hann ekki náð mörgum samböndum, en þeir skipulögðu lista o.þ.h. fyrir Þorvald. Samböndin urðu alls um 300. (Að Sjálfsögðu heyrðu allir TF7PS í þessu skilyrðaleysi, en ekki ítalina. Bestu DX samböndin voru við 4X og 5N2 og KL7. Sagðist Þorvaldur að lokum vilja koma á framfæri þakklæti til allra. sem gerðu ferð þessa mögulega, og þó sérstaklega Magnúsar Magnússonar fyrir frábæra fyrirgreiðslu.

• **Gjaldkeri** biður þá er greitt hafa félagsgjaldið vinsamlegast að sýna biðlund eftir félagsskírteinunum og láta sér nægja kvittunina og **KÆRAR ÞAKKIR** á lím-miðanum þar til úr rætist. Gamla upplagið af félagsskírteinunum er uppuríð og reiðufjárskortur tefur nýtt upplag.



Spáð íDX

SAC - 1986

28. NORRÆNA VIRKNIKEPPNIN

(SCANDINAVIAN ACTIVITY CONTEST)

28. norræna virknikeppnin verður haldin síðari hluta septembermánaðar 1986. Í keppninni hafa norrænir radióamatörar sambönd við radióamatöra annarsstaðar í heiminum. Um ára bil töldust íslenskir radióamatörar ekki með norður-landabúum í keppninni. Þetta breyttist fyrir nokkrum árum er ÍRA sótti um inngöngu í NRAU, norrænu amatör-samtökin. Fyrsta árið var þátttaka TF-stöðva góð, en síðan hafa aðeins ein til tvær TF stöðvar verið með á hverju ári. Ef þetta heldur svona áfram verðum við sennilega látnir tilheyrja norður-pólnum í framtíðinni.

• Hvernig væn að dusta rykið af tækjunum og taka myndarlega þátt fyrir Íslands hönd á 40 ára afmæli félagsins?

- Keppnisþátttaka er íþrótt, sem allir geta tekið þátt í, hvort sem þeir eru leyfishafar eða hlustarar, íþrótt sem stuðlar að aukinni hæfni í fjarskiptum, íþrótt sem reynir á þjálfun og leikni, tækjabúnað og þekkingu.

- Á það hefur verið benti að staðsetning Íslands setur okkur í verri keppnisstöðu en stöðvar sem sunnar eru á hnettinum vegna verri skilyrða hér í norðrinu. Í SAC keppum við hinsvegar við hliðina á norðlægum þjóðum. Þessvegna er aðstaða okkar til að standa framarlega hlutfallslega betri í SAC en í öðrum keppnum.

- Ekki kunna allir að meta keppni. Rétt þeirra til að vera í friði ber að virða. Norrænir radióamatörar hafa haft frumkvæði að þessu innan IARU. Í IARU Region 1 hefur verið samþykkt að ákveðnir hlutar amatörbandanna skuli vera lausir við keppnisstöðvar. keppnishaldarar eru hinsvegar sundurleitir hópur, svo árangurinn á þessu sviði er ekki mjög áberandi enn sem komið er. Virðast fáir vita af eða fylgja þessari samþykkt. Einmitt þessvegna er mikil-

vægt að norrænir radióamatörar séu til fyrirmyndar og virði friðlýstu svæðin í sinni eigin keppni:

6

VIRÐUM KEPPNISLAUSU SVÆÐIN Í SAC!

- Norðurlandabúar vilja síður að radióamatörar spilli um of heilsunni eða sambandinu við fjölskylduna með keppnisþátttöku sinni, því keppnistíminn er aðeins 27 klst. um hvora helgi, gagnstætt við 48 klst. sem algengast er.

- SAC er gott tilefni til að hressa upp á loftnetin. Radióamatörar um allan heim munu beina stefnuloftnetum sínum í átt til norðurlandanna, þar á meðal Íslands. Það gefur ýmsa sambandsmöguleika.

REGLUR-SAC:

1. TILGANGUR: Að hvetja norræna radióamatöra til sambanda við radióamatöra utan norðurlandanna og öfugt. Að þjálfa hæfni og fjarskiptaleikni amatöra um allan heim. Norrænar stöðvar eiga að reyna að hafa sambönd við eins margar stöðvar utan norðurlandanna og mögulegt er. Eftirfarandi viðskeyti (pre-fix) eru talin til norðurlanda í keppninni;

JW, JX, LA/LB/LG/LJ, OH/OF/OG/OI, OH0, OJ0, OX, OY, 02. SM/SK/SL/SJ og TF.

2. ÞÁTTTAKA: Öllum radióamatörum er boðin þátttaka í keppninni. Keppnin er einnig opin stutlbylgjuhlusturum.

3. TÍMAR: Morse: laugardag 20. sept. kl. 1500 til sunnudags 21. sept. kl. 1800. Tal: laugardag 27. sept. kl. 1500 til sunnu-dags 28. sept. kl. 1800.

4. FLOKKAR:

A) "Einn maður/einn sendir/mörg bönd". "Einn maður/einn sendir/eitt band". "Einn maður/einn sendir/mörg bönd-QRP". Einn maður þýðir: Sami maður sér án að stoðar um öll sambönd, allar radiódagbókarfærslur og alla hlustun og leit á böndunum. QRP telst 10 W inn og minna.

B) "Margir menn /einn sendir /mörg bönd". Aðeins ein sending í einu er leyfð. Þegar skipt er um band verður stöðin að vera í a.m.k. 10 mínútur á nýja bandinu ef samband næst.

C) "Margir menn/margir sendar". Engin takmörk á fjölda senda, en aðeins ein sending í einu á hverju bandi er leyfð. Allir sendar og viðtæki undir sama kallmerki, þar með talin viðtæki til leitar, skulu vera innan svæðis, sem er 500

metrar að þvermáli. D) Hlustarar. Aðeins einn flokkur: “einn maður/mörg bönd”. Radíódagbók hlustarans verður að innihalda: Dagsetningu/ tíma UTC - band - kallmerki beggja stöðva í sambandi - skilaboð sem stöð utan norðurlandanna sendi - RS(T), sem hlustarinn gefur henni - margfaldara og punkta. Punktar og margfaldarar reiknaðir eins og hjá amatör-sendingistöðvum, en aðeins fyrir stöðvar utan norðurlandanna. Úrslitalisti hlustara er sameiginlegur fyrir öll norðurlöndin.

- Í öllum flokkum er bannað að þiggja aðstoð eða upplýsingar frá öðrum en öðrum starfrækjendum (óperatorum) stöðva, einum eða fleiri.

5- BÖND: 3,5 - 7 - 14 - 21 - 28 MHz í samræmi við bandplan IARU Region 1. (**TAKIÐ EFTIR:** Keppnislausu svæðin í SAC eru: 3560-3600, 3650-3700, 14060-14125 og 14300-14350 kHz.)

6. SKILABOÐ: RS(T) og hlaupandi númer frá 001. Eflir 999 kemur 1000 o.s. frv. Í flokknum “margir sendar/margir menn” er notuð ný talnaruna sem byrjar á 001 á hverju bandi. Aðeins má hafa eitt sam-band við hverja stöð á morsi og eitt á tali á hverju bandi. Aðeins morse-morse og tal-tal sambönd eru gild.

7. PUNKTAR: Punktar fást fyrir sam-bönd, þar sem skilaboð eru send og móttækin báðar leiðir (fullgild QSO). Fullgilt QSO við eigin álfa (Evrópu nema OX) gefur 2 (tvo) punkta, en 3 (þrír) punktar fást fyrir QSO út fyrir eigin álfa.

8. MARGFALDARAR: Hvert nýtt DXCC land (utan norðurlandanna) reiknast sem margfaldari á hverju bandi.

9. LOKANIÐURSTAÐA: Margfalda samantlagða punktátölu allra banda með samantlögðum margfaldara allra banda.

10. RADÍÓDAGBÓK: Í innsendu afriti af radíódagbók verður morse- og talhluti að vera á aðskildum blöðum. Í radíódagbók skal skrá: Dags./tíma UTC - stöð, sem haft er QSO við - skilaboð send - skilaboð móttækin - band - margfaldara og punkta.

Samantektarblað: Allir þátttakendur verða einnig að skila inn samantektarblaði með kallmerki stöðvarinnar, þátttökuflokki, ásamt nafni og pósthfangi. Ennfremur skal þar tilgreina fjölda sambanda

eftir að tvistar (fleira en eitt samband við sömu stöð á sama bandi), ef einhverjir, hafa verið dregnir frá, fjölda tvista, marg-faldara og punkta á hverju bandi ásamt lokaniðurstöðu.

- Allir þátttakendur skulu skila inn samantektarlista yfir margfaldara á böndum með yfir 200 QSO.

- Tvista, ef einhverjir eru, skal auðkenna í radíódagbók og fyrir þá reiknast núll punktar. Einnig skal senda inn samantektarlista fyrir tvista á böndum með yfir 200 QSO. Á þessum lista skal stöðvum raðað í DXCC landaröð. Dæmi:

UA1, UA2, UA3 o. s. frv.

11. YFIRLÝSING: Með undirskrift á samantektarblaði lýsa þátttakendur því yfir að þeir hafi fylgt reglum keppinnar og leyfisbréfs síns. Ábyrgðarmaður undirritar fyrir stöðvar í flokknum “margir menn”.

12. PÓSTFANG: Radíódagbækur ásamt tilheyrandi listum skal senda til:

EDR Conlest Manager, Leif Oltosen, OZILO, Bankevejen 12 Köng, DK.-4750 Lundby, Danmark.

13- FRESTUR: Dagsetning pósthimpils má vera í síðasta lagi 30. október 1986.

14. VERÐLAUN: Sigurvegari amatöra í hverju landi og hverjum flokki (QRO) á morsi og tali fær viðurkenningarskjal svo fremi að árangurinn sé marktækur. Í QRP flokki er sameiginlegur listi fyrir öll norðurlöndin og verða veitt allnokkur viðurkenningarskjöl eftir fjölda þátt-takenda. Sigurvegari yfir norðurlöndin í hverjum flokki (QRO) bæði á morsi og tali fær viðurkenningarskjöld. Hæsti hlustari fær viðurtenningarskjal (e.t.v. fleiri eftir þátttöku).

15. ÚR LEIK: Þá sem brjóta reglur síns þátttökulands, koma óþróttamannslega fram, eða reikna sér punkta og marg-faldara fyrir óstaðfest sambönd má dæma úr leik. Radíódagbók sem inniheldur meira en 1% af ómerktum tvistum leiðir sjálfkrafa til að þátttakandi dæmist úr leik. Fyrir hvern ómerkta tvist, sem keppnisnefndin finnur undir 1%, eru dregin frá 5 refsí-QSO jafngild tvistinum. Úrskurður keppnisnefndarinnar er endanlegur. Næst sér SRAL um SAC.

P.S. Notið DX-spána í síðasta blaði (TF3KB).

Ágæti félagsmaður!

Nýtt húsnæði á afmælisári gefur okkur tækifæri til eflingar félagsins með ýmsu móti. Stjórn félagsins vill gera sitt bezta til að hið nýja húsnæði geti gegnt hlutverki sínu. Í því skyni er góð aðstaða og snyrtileg umgengni nauðsynleg og það krefst framlags allra sem á staðinn koma. Umgengni í félagsheimilinu endurspeglar hug manna til félagsins og félagið er ekkert annað en sú vinna, þeir fjármunir og velvilji, sem félagarnir láta félaginu í té.

- Félagið vantar menn, sem vilja taka að sér m.a. eftirtalin verkefni:

1. málun hússins
2. uppsetning loftnetsmasturs og loftneta.
3. skipulag félagsstöðvar/QTC sendingar
4. skipulag afmælisboðs
5. pöntunarfélag ÍRA (=PÍRA).

- Störfin fela í sér umsjón með verkinu, útvegum efnis, starfskrafta og einnig fjármögnun (já, þannig er veruleikinn á afmælisári).

- Á það hefur oft verið bent á undanförunum árum, að **umgengni um blaða og bóka-kost félagsins** mætti vera betri. Þegar menn koma á staðinn til að líta í nýjustu blöðin, þá er þau hvergi að finna. Fyrsta skrefið til bættar umgengni í nýju húsnæði ætla félagið að stíga með aðstoð Sveins Guðmundssonar, TF3T. Hann hefur tekið að sér bóka- og blaðavörslu fyrst um sinn. Hefur hann lagt til við stjórn að keypt verði nokkur amatörblöð til viðbótar þeim sem félagið nú fær, og liggi þau frammi í félagsheimilinu til aflestrar og ljósritunar, þannig að menn geti fylgst með því nýjasta sem er að gerast.

- **Já, vel á minnst, ljósritun.** Skort á ljósritunaraðstöðu hafa menn talið nokkra orsök fyrir hvarfi tímarita af staðnum. Nú er í sjónmáli lausn á því vandamáli. Ákveðið hefur verið að efna til samskota meðal félagsmanna um **kaup á ljósritunarvél**.Eru nú þegar komin

loforð fyrir u.þ.b. helmingi verðs eitt-til tvö þúsund krónur gegn því að fá helmingsafslátt af 200 ljósritum fyrir hvern framlagðan þúsundkall. **Vilt þú vera með? Hafðu samband.**

- Taktu þér smátíma til að athuga límmiðann hér fyrir ofan.

- eru allar upplýsingar á miðanum réttar? Ef svo er ekki, þá skaltu hringja inn leiðréttingu. - Í efra horni til hægri er **NYJUNG**. Þar stendur greiðslustaða þín við félagið s.k. upplýsingum gjaldkera 1. september s.l. Ef þar standa "KÆRAR ÞAKKIR", þá er greiðsla þín móttekin og fyrir það færðu KÆRAR ÞAKKIR. Standi hinsvegar: Ógr. og upphæð í krónum, merkir það ógreitt félagsgjald, sem við biðjum þig vinsamlegast að inna af hendi sem fyrst. Fyrir það skalt þú fá KÆRAR ÞAKKIR. Félagið munar um þetta lítilræði og það trúlega meira heldur en þig.

- Greiðslur má inna af hendi **með útsendum gíróseðli**, eða inn á gíró-reikning: 51058-0.

FÉLAGIÐ METUR STUÐNING ÞINN. HANN ER OKKUR MIKILS VIRÐI.

Með félagskveðju,
stjórn ÍRA.

Símaviðtalstímar TF3KB, formanns og ritstjóra CO TF fréttabréfs eru á **fimmtudagskvöldum kl. 1800-1900**
Sími (91) 31850

ATH Þessi sími er vinnusími, og amatör-símtöl utan þessa tíma þýða ólaunað vinnutap TF3KB. Þessvegna eru ekki tekin slík símtöl á öðrum tímum.

TF3KB fyrirhugar að halda nýliðanam-skeið í byrjun október. Þeir sem áhuga hafa fylgst með auglýsingum. Skuldlausir félagsmenn fá 10% afslátt af námskeiðgjaldi.